

**Nd.**

**61. Frumvarp til laga**

[57. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Tómas Árnason, Sverrir Hermannsson.

**1. gr.**

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins.

**2. gr.**

Um frankvæmd eignarnáms skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnarinnar í Neskaupstað. Jörðin Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi er talin 30 hundruð að dýrleika (3 540 álnir). Þar af á kaupstaðurinn 27½ hundrað, en 2½ hundrað eru í eigu einstaklinga.

Einn einstaklingur, sem ekki á heima í kaupstaðnum, á 1 hundrað, en 1½ hundrað er í eigu 9 einstaklinga sem fengu þessa eign að erfð. Af þeim eru 4 búsettir í Neskaupstað.

Kaupstaðurinn er allur byggður á þessu landi. Landið er í óskiptri sameign og skipta eigendur arði árlega.

Bæjarstjórn hefur gert ítrekaðar en árangurslausar tilraunir til þess að fá landið keypt með frjálsum samningum.

Yfirleitt hafa eigendur ekki verið til viðtals um sölu. Bæjarstjórn telur sér mikla nauðsyn á að fá full og óskoruð umráð yfir landinu. Því er leitað lagaheimildar til eignarnáms.